



Reykjaneshöfn

Víkurbraut 11
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 7. apríl 2021
Mál nr. 2020100160

Efni: Njarðvíkurhöfn - Rammaskipulag

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 19.3.2021 og staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 6.4.2021

Skipulagsfulltrúi óskar heimildar til að vinna rammaskipulag svæðis sem afmarkast af Njarðvíkurhöfn, Sjávangötu, Njarðarbraut að Fitjabakka samhliða heildar endurskoðun aðalskipulags. Fyrir liggur stefna stjórnar Reykjaneshafna sem felst m.a. í því að Njarðvíkurhöfn verði útgerðarhöfn sveitarfélagsins með þjónustu við fiskveiðar og vinnslu. Unnið er að stækkun Njarðvíkurhafnarinnar og skipasmíðastöðvar Njarðvíkur og stefnt er að þróun skipaþjónustuklasa á svæðinu sem á eftir að hafa fjölbreytt áhrif á bæinn út fyrir svæðið. Myndaður verði stýrihópur hagaðila, embættismanna og kjörinna fulltrúa sem móti vinnuna og fylgi verkefninu eftir. Hópurinn stýri þróun verkefnisins og sjái til þess að það samþættist starfsemi hafnarinnar, öðrum skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu og þróun viðskipta.

Umhverfis og skipulagsráð tilnefnir Róbert J. Guðmundsson í stýrihópinn og óskar eftir tillögu frá framtíðarnefnd og stjórn Reykjaneshafnar.

Með vísan til ákvæða stjórnarsýslulaga nr.37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær – merkt Byggingarfulltrúi Reykjanesbæjar.

Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættisins, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um. Þá ákvörðun sem kæra skal.

Ofangreint tilkynnist hér með
f.h. Reykjanesbæjar

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is